



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. febrúar 2003

KSG/014/03

Umsögn um frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins mál nr. 538, heildarlög.

Tryggingastofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Frumvarpið kveður á um breyttar áherslur frá fyrri lögum og lagt er til mun viðtækara starfsumhverfi stöðvarinnar. Engin sérstök tenging er við Tryggingastofnun eða almannatryggingar skv. frumvarpinu. Hins vegar hafa verið margir samstarfsfletir milli stofnanna og hefur það samstarf verið með ágætum.

Ástæða er til að vekja athygli á því að jafnframt viðtækara starfsumhverfi þarf að tryggja meiri fjármuni til reksturs stofnunarinnar eigi að takast að uppfylla þær væntingar sem ný lög munu væntanlega kveða á um. Tryggingastofnun þykir ekki ástæða til að gefa frekari umsögn um þessa annars ágætu stofnun.

Virðingarfyllst,

Karl Steinar Guðnason
forstjóri